

Umsögn um þingskjal 534 – 393. mál

Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022

Tilvísun til þingskjals 533 – 392. máls

Umsögn þessi er, eftir því sem við á, einnig um efnisatriði þingskjals 533 – 392. mál – tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlunar 2011-2014, enda er hún skilgreind sem hluti af og innan ramma þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022.

Almennt um þingsályktunartillöguna

Stjórn Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga (AP) fagnar sérstaklega þeirri markmiðssetningu og tengingu samgöngumála við atvinnu- og byggðamál sem fram eru sett í köflum 1.1 og 1.5. Að mati stjórnarinnar er mikilvægt að þessari markmiðssetningu verði fylgt eftir enda um að ræða eitt af megin verkefnum hins opinbera sem snýr að því að bæta og jafna samkeppnisskilyrði atvinnurekstrar og þar með búsetuskilyrði í landinu.

Við yfirferð á verkefnahluta þingsályktunartillögunnar telur stjórnin að nokkuð vanti á að ofangreindri markmiðssetningu sé fylgt eftir á starfssvæði félagsins. Þá er minnt á að í gildi er viljayfirlýsing fjögurra sveitarfélaga á starfssvæði félagsins og ríkisstjórnarinnar, dags. 25. maí 2011 þar sem kveðið er á um samstarf aðila á sviði orkunýtingar og uppbyggingar innviða til að takast á við umfangsmikla atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Til að ná fram markmiðssetningu þingsályktunartillögunnar og fylgja eftir efnisinnihaldi viljayfirlýsingarinnar er, auk þeirra verkefna sem eru í áætluninni, nauðsynlegt að mati stjórnarinnar að takast á við þau verkefni sem fjallað er um hér að neðan án þess að um sé að ræða tæmandi verkefnalista.

Flugmálaáætlun

Minnt er á að Flugfélagið Ernir - www.ernir.is - hefur ákveðið að hefja áætlunarflug á Húsavíkurflugvöll frá og með 15. apríl nk. en völlurinn er nú skilgreindur meðal annarra flugvalla og landingarstaða utan grunnnets. Samkvæmt fyrirliggjandi tillögu er ekki gert ráð fyrir neinum fjárveitingum til reksturs né fjárfestinga í þessum flokki flugvalla fyrr en á síðasta tímabili áætlunarinnar 2019 -2022 ef frá eru taldar 15,8 mkr. á árinu 2011 sem væntanlega hefur þegar verið ráðstafað. Eðlilegt hlýtur að vera að hið opinbera bregðist við og tryggi ásættanlega þjónustu á flugvöllinum enda mun endurvakið áætlunarflug á völlinn m.a. stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið og yfir árið sem er eitt af markmiðum hins opinbera í þeim málaflokki. Þá er áætlunarflug á Húsavíkurflugvöll einnig mikilvægur þáttur í styrkingu innviða svæðisins og gerir það samkeppnishæfara varðandi erlenda fjárfestingu.

Siglingamálaáætlun

Fyrir liggur að ráðast þarf í talsverða fjárfestingu í hafnarmannvirkjum og aðstöðusköpun við Húsavíkurhöfn í tengslum við uppbygginu orkufreks framleiðsluiðnaðar á svæðinu. Sveitarfélagið

Norðurþing hefur í samstarfi við Siglingastofnun unnið tillögur að nauðsynlegum fjárfestingum í hafnarmannvirkjum þar sem mið er tekið af þeim iðnaðarkostum sem líklegastir eru í stöðunni nú.

Í ljósi þess að um verulega minna flutningsmagn er að ræða í þeim verkefnum sem nú eru til skoðunar, en var þegar bygging álvers Alcoa með allt að 346 þús. tonna ársframleiðslu var á dagskrá, er nauðsynlegt að ríkisvaldið komi að fjármögnun framkvæmdanna. Stjórnin treystir því að komið verði til móts við rökstuddar óskir Norðurþings um aðkomu ríkisvaldsins að þeim fjárfestingum.

Vegaáætlun

Í athugasemdum með þingsályktunartillögunni eru talin upp (á bls. 167) skilgreind framkvæmda-markmið vegamála í níu liðum. Tveir þeirra koma sérstaklega við mikilvægar framkvæmdir á starfssvæði AP. Annars vegar markmið um uppbygginu grunnnets stofnvega sem skilgreindir eru í samgönguáætlun með fullu burðarþoli og bundnu slitlagi (markmið 1) og hins vegar það markmið að útrýma einbreiðum brúm á vegum með umferð yfir 200 ÁDU (markmið 5).

Vaðlaheiðargöng

Mikil áhersla hefur verið lögð á það af sveitarfélögum á starfssvæði Eyþings að ráðist verði í gerð Vaðlaheiðarganga og þau fjármögnuð með veggjöldum. Stjórn AP tekur undir mikilvægi þess að ráðist verði í þessar samgöngubætur sem eru lykilatriði í því að stækka og þétta atvinnu- og þjónustusvæði í landshlutanum. Eru stjórnvöld hvött til þess að eyða þeirri óvissu sem uppi hefur verið um framgang málsins. Jafnframt telur stjórnin að auka eigi vetrarþjónustu á núverandi vegi þannig að hann geti betur þjónað hlutverki sínu, þar til göng verða tekin í notkun.

Þjóðvegur 85 um Skjálfandafljót og Tjörn

Bygging nýrrar brúar á Skjálfandafljóti á þjóðvegi 85 samhliða vegstyttingu um 3 km verður að telja með brýnustu veg framkvæmdum í héraðinu. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir verkefninu fyrr en eftir áætlunartímann, en aðeins 100 mkr. af áætluðum framkvæmdakostnaði upp á 1.370 mkr. eru á síðasta tímabili áætlunarinnar.

Með framkvæmdinni hyrfu tvær einbreiðar brýr, um 200 löng einbreið brú (aðeins 2,83m) á Skjálfandafljóti með takmarkað burðarþol og einbreið brú aðeins vestar á Rangá. Þar með gætu þungaflutningar á milli Akureyrar og Húsavíkur farið þessa leið sem yrði um 10 km styttri en núverandi leið um Fljótsheiði, auk þess að vera á láglandi. Umferð um veginn var 468 ÁDU 2010 en gera má ráð fyrir að hún væri talsvert meiri ef ekki kæmu til þær þungatakmarkanir sem í gildi eru.

Framkvæmdin var á síðasta tímabili samgönguáætlunar 2003-2014 og í ljósi mikilvægis verkefnisins með tilliti til atvinnu- og byggðasjónarmiða telur stjórn AP að endurskoða eigi áætlunina þannig að verkefnið verði tekið inn eigi síðar en á 2. tímabil áætlunarinnar, 2015-2018.

Þjóðvegur 87 - Kísilvegur

Ljúka þarf byggingu 11 km. kafla á þjóðvegi 87, Kísilvegi og tengja þannig saman tvo af fjölförnustu ferðamannastöðum héraðsins – Mývatnssveit og Húsavík – með vegi sem stenst nútíma kröfur, en vegurinn er einnig hluti af svokölluðum „Demantshring“ sem ferðaþjónustan á svæðinu hefur skilgreint sem eitt helsta sóknarfæri greinarinnar. Einnig fara um veginn talsverðir þungaflutningar, daglegir vöruflutningar frá Húsavík austur á Vopnafjörð, útflutningur um Reyðarfjörð og fiskflutningar



innanlands. Vegurinn er einnig mikilvægur vegna mögulegrar staðsetningar framleiðsluiðnaðar við orkuver í Mývatnssveit sem nýta myndi Húsavíkurhöfn sem útflutningshöfn.

Húsavík 29. febrúar 2012

F.h. stjórnar Atvinnuþróunarfélags Pingeyinga,

Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri